

Guðlaugur Jónsson

2004

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Bergsteinn Björgúlfsson

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

BetaCam 127, 128, 129

© Krumma films ehf.

BetaCam 127

Guðlaugur Jónsson hárgreiðslumeistari.

*HG: Jæja segðu mér nú aðeins frá þessari rakarastofu, þú ert búinn að vera hérna lengi, og aðeins um sögu hennar.*

Stofan er elsta stofa landsins, búin að vera hérna í 103 ár og alltaf í starfsemi. Svoleiðis að ég hef mjög gaman af henni einmitt fyrir það sérstaklega því hún hefur sögu á bak við sig. Hérna eru búnir að vera eitthvað um fimm ætliðir. Alltaf sömu ætliðirnir rekið stofuna nema ég. Ég kem eins og skráttinn úr sauðaleggnum þarna [hlær]. Nú í sambandi við stofuna eru mjög margar skemmtilegar sögur. Því miður mátti segja það að flestir eigendur stofunnar voru óttalegar fyllibyttur. Fyrsti aðili stofunnar Árni Nikulásson sem kemur af því að Nikk, Stofan heitir hársnyrtistofan Nikk, hann var alltaf kallaður Árni Nikk. Og svo þegar ég tók við stofunni 1984 semsagt rúm 20 ár að þá fannst mér tilvalið að taka þetta nafn upp. Talaði við fjölskylduna og það þótti sjálfsagt. Stofan er ennþá í eigu, sem sagt húsnæðið í eigu fjölskyldu viðkomandi aðila en nú er enginn af fjölskyldunni sem er í sameign. Svoleiðis að hvað verður um þessa stofu þegar ég hætti ég veit það ekki.

*HG: Ertu eitthvað á leiðinni að hætta?*

Nei, ég hef stundum spekúlerað í því og sérstaklega fyrir það að það kemur kannski á óvart, ég hef ekki sagt einum eða neinum það reyndar að ég hef fengið atvinnutilboð frá Suður-Afríku [hlær].

*HG: Ábyggilega betra veður þar.*

Já mundi segja það, að það væri veður sem að hentaði mér mikið betur því að ég er eyðimerkurrotta, hef alltaf verið, heitt veður. Ókei I love it.

*Svona fólk*

Ég veit nú ekki hvað djarft ég, ertu að taka þetta upp núna? Ó, þá verð ég að sleppa þessu sem ég ætlaði að segja. Já ég held að það sé ekki æskilegt að það komi til um, en sem barn, ég, foreldrar mínir fluttu til Stykkishólms þegar ég var sjö ára gamall, það er að segja móðir mín og stjúpí minn. Ég var alltaf í sveit á sumrin. Þar sem ég var í sveit á sumrin þar var svokallaðir já ég veit ekki hvað ég, kaupamenn eða svoleiðis, ég held að ég hafi einhvern tímann sagt þér af því að, þá var einhvern tímann að vík sem við fórum mjög mikið þangað niður og til þess að fara í sjóinn. Þá sá ég í fyrsta sinn nakinn karlmann, er ég að hneyksla þig núna? Og ég man eftir því að ég sat á steini og horfði á þennan mann og ég man að ég leit niður, auðvitað var þetta fullþroskaður maður, ég bara barn. Mér fannst svolítið sérstakt við hann, eigum við ekki að sleppa þessu?

*HG: Þetta er fínt.*

Og mér fannst maðurinn vera fallegur. Mjög fallegur. Reyndar í gegnum tímann þá hefur þetta verið hjá mér mjög sérstakt. Ég man að ég sagði við mjög góða vinkonu mína í New York á sínum tíma þegar ég bjó þar, Soniu Sorello, þá mættum við gamalli blómsölu konu sem var hrukkóttari en allt sem hrukkótt er en Sonia sagði við mig eitthvað í þeim dúr, hvernig finnst þér hún? Hún er falleg, sagði ég. Úff, sagði hún, af hverju finnst þér hún vera falleg? Hún er ljót, sagði hún. Nei hún er falleg. Líttu á allar þessar rúnir í andlitinu á henni. Hvað segja þessar rúnir? Þær segja um lífsreynsluna, hennar líf, hún er falleg. Í gegnum ævi mína hef ég fundið heilmikið af svokölluðu fólki sem er utangarðsfolk. Ég hef kynnst því bæði í París, London, Kaupmannahöfn. Ég hef haft þá sérstöðu að þegar ég er á ferð eða bý í þessum borgum þá vil ég sjá fleira heldur en glamourlíf. Ég minnst þess í París, ég man ekki hvort ég minntist á það við þig áður, ég bjó á mjög sérstæðu íbúðarhótel, uppgötvaði seinna meir að þetta hótél var aðallega sett svokölluðum gleðitæknum sem ég segi, konur sem að seldu blíðu sína. Hverjir eru ekki gleðitæknar ef ekki þær. Ég geri ráð fyrir að menn sem sækjast eftir þessari þjónustu séu að sækja eftir sælu og gleði í lífi sínu. Ókei þess vegna segi ég gleðitæknir.

Þetta er víst hlutur sem ég horfi á dag eftir dag og ég hef verið spurt stundum að því í sambandi við það hvort þetta sé ekki svona, gefi svona depression í sambandi við það. Nei, það er það ekki. Þetta er gangur lífsins ekki satt hmm? Einn fer og annar kemur.

Nei, ég fann það ekki. Mér fannst ekkert athugavert við það þótt þessi nakti maður kæmi þarna. Ekki til í því. Nú, í gegnum tímann held ég ég hafi nú ekki spekúlerað geysilega mikið í því í sambandi við þetta, að vísu voru atvik þarna inn á milli, sem ég held sé rétt að sleppa. Og, en seinna meir, í sambandi við gay lið, fyrirgefðu ætla nú að nota orðið gay, ég þoli ekki orðið hommi. Að vísu er það grískt, komið af grísku orði en mér er sama. En ég er fimmtán ára gamall þegar ég fer fyrst erlendis til að fara í dansnám sem ég hafði þá þegar stundað í rúm níu ár eða í rúm níu og hálft ár hér. En ég man eftir því, einu atviki í sambandi við það, það var aldrei gerð nein athugasemd við mitt attitude á mínu heimili eða heima. Kannski hefur það verið vegna þess að móðir mín hafði farið sautján ára úr landi brott og kom ekki aftur fyrr en þrítug og hafði bæði dvalið í Bretlandi, Frakklandi og víðar og sem sagt kona með allt annan hugsunarhátt heldur en gekk hér á landi á þeim tíma. En allavega þegar að ég fer út, ég man að stjúpni minn sem þá var, hann mótmælti að ég væri allt of ungur og hefði ekkert að gera út í heim. Hún mótmælti ekki. Hún þekkti þetta. Þannig að ég man eftir því hún sagði við mig: Ég hef tekið eftir því þú ferð aðrar leiðir heldur en aðrir. Lofaðu mér bara einu, vertu heiðarlegur við sjálfan þig þá verður það við aðra. Í gegnum tímann þá held ég að ég hafi reynt að vera mjög heiðarlegur við fólk. Ég hef aldrei kynnst þessu svokallaða skápa- eða skúffulífi [hlær] sem ég raunverulega hef oft á tíðum hlegið að þegar verið er að tala um ég er að koma út úr skápnum. Ja að vísu minnst þær ekki á skúffur en mér finnst stundum eins og fólk hafi lokað sig inni í skúffum.

Í sambandi við þann tíma sem ég kem svo heim hér í millitíðinni og svona og svona og svona en gay lið hér á landi þá, ég verð að viðurkenna það að það voru ákveðnar grúppur sem mynduðust. Strákar á þessu tímabili þeir mynduðu einhverja ákveðna brúgd, altsá grúppur. Þeir hittust á börum, aðallega Hótel Borg á þessum tíma samanborðið texta Bubba Morthens, strákarnir á Borginni og þetta var mjög sérstæður hópur. Því miður fittaði ég ekki inn í þennan hóp. Ég var fyrir utan hann. Ég átti mjög góðar vinkonur, fjórar, fimm stelpur og við

héldum geysilega mikið saman á þessu tímabili. Ég man sérstaklega eftir einni, Charlotte það var nafn hennar, hún reyndar varð sendiráðsritari seinna meir og svona og við hittumst í New York á sínum tíma og svona. Ég man alltaf eftir því þegar Charlotte kom á barinn á Hótel Borg og ég var þar ásamt fleirum og sagði: Skál fyrir fimm drottningum!

Ég held að aðalástæðan hafi verið svo hreinlega að gay hérna gæjar þeir voru hræddir við mig. Hver ástæðan var raunverulega veit ég ekki, ég hef stundum velt þessu fyrir mér. Ég held það hafi verið vegna þess að ég hef aldrei komið út úr neinum skáp. Ég bara er eins og ég er og ég sigldi um bæinn hérna fram og tilbaka nákvæmlega ég, ef fólk acceptaði mig ekki þá var mér nákvæmlega sama en fólk virtist acceptera mig en ég man eftir þínu dæmum sem lýsa þessu pínulítið, ég mætti mjög þekktum gæja hérna einu sinni í Austurstræti og hann sagði: Segðu mér eitt Gulli, hvernig stendur á því að það heilsa þér allir hvar sem er, hvenær sem er, en það sér enginn mig? Ég sagði bara: Því miður ég veit það ekki, sagði ég. Kannski er það vegna þess líka, sagði ég, þú ert einn af þessum sem ert inni í skáp. Þegar þú ert orðinn drukkinn þá kemurðu út. Kíkir út en hverfur svo inn í skápinn aftur. Þetta er hlutur sem ég raunverulega hef aldrei skilið og á pínulítið erfitt með að skilja enn þann dag í dag eru menn sem eru inni í skáp.

Nú því miður í gegnum tímann, ég sagði því miður já, ókei það eru stofnuð samtök sem eru kallað Samtökin '78. En ég kalla, sem er víst frægt orðið hér á landi, Mistökin '78 og átti þar með í sambandi við Eirík Jónsson, fréttamann sem vann á Stöð 2 í sambandi við Mistökin '78 að Mistökin '78 voru mistök á þeim tíma. Sem betur fer þá komu, já þá neyðist ég til að nefna orð sem mér er mjög illa við, lesbíur, til valda í svokölluðum Mistökum '78. Þær, þeim tókst að gera þetta svolítið menningarlegt. Þeim tókst það sem að gay gæjunum, eða hommum, tókst ekki. Ég held að á þeim tíma að hommar hafi misnotað og ég held ekki ég veit það, þessi samtök, mistök, til að koma sínum málum fram. Samanborið það, þetta er kannski dálítið djarft að segja það að þeir nýttu sér það að því leyti til að þegar ungir óreyndir strákar hringdu, jafnvel í forvitni, ég hef reyndar alltaf sagt það að strákar á aldrinum þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán, sautján ára, þeir hafi ekki hugmynd um hvar þeir standa kynferðislega, ekki til í því. Nú þetta freistaði þeirra að kíkjá á þennan mögulegheit til þess að jú, fá einhverja

spennu í líf sitt geri ég ráð fyrir, en það ljóta við það var það að Mistökin, ég ætla að halda því áfram, Mistökin þau nýttu sér þetta. Ég hef sannanir fyrir þessu á þessum tíma og mér fannst það mjög ljótt.

Kannski spilar eitthvað pínulítið inn í þetta, vegna þess að sjálfur eignaðist ég son sem að ég auðvitað reyndi að gera allt til að vernda. Og mitt kunningjalíf á þeim tíma sem var afskaplega lítið gay. Að vísu jú þónokkuð margir en skilyrðið var það að þegar þeir kæmu heim til mín að gjöra svo vel að aktaðu eins og venjulegt fólk aktar. Sem betur fer þá tóku þeir allir notice af því og í dag eins og ég segi, ég á yndislegan son og hann er giftur og hann á sitt heimili og hann á sín börn og, ókei, ég er afi [hlær] sem ég er mjög stoltur af.

En gagnvart gaylífi á þessum tíma sem að ég er á, hvað get ég sagt, á ferðinni hér því að raunverulega á þessum tíma er ég mjög mikið erlendis alltaf. Ég fékk einhvern geysimikinn áhuga á því að stúdera gaylíf. Ekki með því að vera aktífur í gaylífi, ég meina ég var ekki að hlaupa heim með Pétri og Páli eða annað þvíumlíkt sko, en sem að reyndar kom ekki til vegna þess að gay people það gerði ekkert í því að reyna við mig. Ég var of, ég reikna með, of feminine, ég var of djurfur til þess að það væri nokkuð að fara á fjörur við mig eða svo.

Ástin. Ja. Svo raunverulega hef ég spurt á móti hvað er ást? Ég minnst þess nú raunverulega í sambandi við mjög annað atvik sem kemur þessu máli raunverulega ekki við sem ég er að tala um að ég man að það sagði við mig læknir að ást, það sem ég ætla að fara að segja, ég veit ekki hvort þið megið taka það upp geturðu ekki...

*BB: Þú getur alveg treyst því að þú hefur alveg óskorðað vald yfir því hvað er notað og hvað ekki. Þú þarft engar áhyggjur að hafa af því hvað, þetta er ekki í beinni útsendingu, við erum bara að spjalla saman.*

Ókei, ókei, ókei, já. Nei ókei. Ókei já ókei. Það er svoléiðis að fyrir nokkrum árum þá giftist sonur minn og hann átti yndislega konu, mjög metnaðargjarna, duglega, sem var í háskólanum og lendir í slysi, óvissuferð og lendir í slysi, hestaslysi og sem að verður

afleiðing því að hún deyr. Eftir tvö og hálf ár. Hefði hún fengið að fara strax, það hefði verið yndislegt, sko þú veist áfall, en yndislegt. En í tvö og hálf ár sótti ég heim á hverjum einasta degi, Borgarspítala, Grensásdeild, síðan í meira en hálf ár líknardeildina í Kópavogi. Það segir það megji læra af þessu, jú ég held að ég hafi lært margt. Það voru ótal hetjur þarna, virkilegar hetjur og ég man það einhvern tímann að þá hafi ég hvæst á hjúkrunarkonur sem er ekki mitt eðli, að hvæsa á fólk, og þá sagði hún við mig einn daginn, hún sagði: Gulli, læknirinn vill fá að tala við þig, yfirlæknirinn. Og jú, jú, ég mæti þar. Þetta er kona og það merkilega nokk var að við höfðum kynnst áður fyrr, fyrir þónokkuð mörgum árum svolleiðis að hún vissi fullkomlega hver ég var. Nema hún fór að skýra einhverja hluti út við mig í sambandi við tilfinningar og þar á meðal ást. Það er hjartað sem ræður sagði hún. Og þá sagði ég: Fyrirgefðu ert þú ekki læknir? Jú, þú veist það, segir hún. Hjartað, hvað er hjartað? Það er vöðvi í líkamanum sem dælir blóði. Hvað hefur hjartað með tilfinningar að gera? Jú segir hún hefur það. Nei, segir þessi, hjartað hefur ekkert með það að gera. Það er heilinn sem að hefur með tilfinningar að gera. Ókei, sjáum til sagði ég, ef að hjartað hefur eitthvað þar um að segja, ókei þú færð tilvikað, þú verður ástfanginn, þú hrífst af einhverju, það getur orðið örari hjartsláttur. Hann getur orðið örari það er það eina sem hjartað hefur með þetta að gera. Og ég ætla að vona það, sagði ég, að þú sem læknir gerir þér grein fyrir því. Það er ekki bara hjartað.

Þú varst að tala um áðan ástfanginn, hef ég orðið ástfanginn? Nei, ég held ekki. Ég minnst þess ekki. Ekki eins og fólk er að reyna að lýsa þessu fyrir mér. Ég hef orðið hrifinn af mönnum, ég hef kynnst nokkrum karakterum sem mér finnst þægilegt að vera með og þar á meðal einn sem var sérstaklega þægilegt. Hann gat komið með mér heim og kom mjög mikið heim. Hann settist í sófann, lét fara vel um sig, tók blað eða bók, hvort ég ávarpaði hann eða ekki, það skipti ekki máli en það var mjög þægilegt að hafa þennan karakter í kringum sig. Ég held að þetta sé kannski eitthvað af því sem fólk er að sækjast eftir. Ást, ókei, kannski getur hann orðið skyndihrifinn. Og ég efa það ekki að flestir verða það einhvern tímann á ævinni en ef að þessi skyndihrif fara ekki út í það að vera virðing, bera virðingu fyrir viðkomandi persónu, acceptera hana hvað sem henni verður á þá er það ekki ást. Ég man eftir því, ég ætla að skjóta því hér inn í, ég man eftir því ég átti heima hér uppi á Bergstaðastræti í fjöldamörg

ár, ég man eftir þessum unglingum, ég mætti stundum á laugardags- og sunnudagsmorgnum eldri lady og herra og seinna meir komst ég reyndar að bakgrunni þeirra, ég var forvitinn um þau, að mér fannst svo yndislegt að sjá þessi pör sem gengu eftir götunni vegna þess að þau héldust í hendur og þau litu hvort á annað, það var svo mikil virðing. Og ef að fólk lærir að bera virðingu fyrir, ja maður fyrir konunni sinni og kona fyrir manninum sínum þá held ég þau séu á grænni grein.

Ha! Það veit ég ekki. Ég man eftir því að einn af kúnnunum mínum sem er þekktur prófessor hérna við háskólann, við vorum að ræða saman hérna einhvern tímann þá hrökk út úr honum: Gulli, ég er að gera mér grein fyrir því núna þú ert mjög vel gefinn. Heyrðu ég hló. Ég hef reyndar aldrei verið neinn asni. Og geri mér fulla grein fyrir því en, erum við komin út fyrir sviðið?

*HG: Nei þetta er, þetta er fint. Er ekki allt í...*

Það var þannig að hér kemur á stofuna til mín kona og segir: Gulli mig langar til að tala við þig mjög special. Því miður gat ég ekki þá en ég kíkti í skrudduna hjá mér til að athuga hvenær ég hefði eyðu og gat bent henni á það því að hún kom aftur. Þá fór hún að segja mér það að þrettán ára gamall sonur hennar hefði hringt, teldi sig vera gay og hefði hringt í Mistökin og jú jú hann fékk tíma. Þegar drengurinn kom þarna þá var þarna maður sem að hafði tekið á móti honum og hverjar voru ráðleggingarnar? Það var klámspóla. Þeir ákváðu að láta hann horfa á klámspólu. Á sama tíma þegar drengurinn var búinn að horfa smá tíma á þessa klámspólu þá fór viðkomandi að strjúka lærin á barninu og reyna við hann. Sem betur fer í þessu tilfelli þá sagði konan mér það að drengurinn hefði forðað sér. Þetta gerði það að verkum þegar hún sagði mér þetta að ég varð brjálaður. Ókei. Samtök '78 sem var verið að stofna þau gátu verið góð að vissu leyti en ef að það átti að fara að nota þessi samtök til þess að misþyrma börnum það var ekki að mínu, eins og ég hef sagt áður að sjálfur átti ég dreng. Ef að nokkur hefði vogað sér að sýna þessu barni lítilsvirðingu eða annað þvíumlíkt þá held ég að ég hefði verið ófeiminn við að skjóta viðkomandi. Algjörlega.

Nema að í þessu tilfelli að þá gerði ég það að ég hringdi í upplýsingasíma Mistakanna og krafðist að fá að vita hver þetta hafði verið, ég hafði fengið dag hjá konunni og hver hafði verið á vakt þar, fékk það og þegar ég talaði við viðkomandi og sagði að: Ég er ansi hræddur um það að þið séuð að misnota aðstöðu ykkar þarna. Viðkomandi þóttist ekki kannast við eitt eða neitt í þessu máli og slíkt ætti ekki að geta átt sér stað. Nú í framhaldi af þessu þá skildist mér það að viðkomandi aðili sem hafði átt þarna hlut að máli hefði verið látinn frá. Sem er bara gott mál. Síðan fengu Mistökin ungan mann frá Kaliforníu, nei fyrirgefðu frá Kanada sem var menntaður sem afbrotafræðingur. Hann starfaði í ég held í hálft ár eða rúmlega það hjá viðkomandi fyrirtæki, ef hægt er að kalla þetta fyrirtæki og sem var gott mál en gafst síðan upp á að starfa hérna og fór aftur, því miður. Nú einhvern veginn gerði það að verkum að ég fór að fylgjast með þessu svona á laun.

En eitthvað var nú samt orðið gruggugt við þetta aftur því ég minnst þess að kona sem er kona í dag, mjög áberandi og gerði mikið í að auglýsa sig sem að ég hefði nú ekki talið rétt hjá viðkomandi en breytti um kyn. Þessi kona birtist hér einn daginn inni á stofunni hjá mér, kynnir sig, ég hafði aldrei séð hana. En ég man að þegar ég horfði á þessa persónu þegar hún kom inn úr dyrunum að þá vakti athygli mína eitt, ég veit ekki hvort ég á að láta vaða hérna en ókei, of stórar hendur, of stórir fætur. Að öðru leyti var konan mjög smekklega klædd. Smekklega snyrt. Hún sagði að hún ætti stefnumót hérna. Mér fannst þetta voðalega furðulegt. Stefnumót á hársnyrtistofu. Hvað með það. Síðan birtist viðkomandi sem átti stefnumót við konuna og um leið og viðkomandi kom hér inn og hafði kynnt sig fyrir konunni og annað þvíumlíkt að þá talaði hann þannig að hann byrjaði að lítilsvirða viðkomandi persónu. Talaði við hana þannig. Ég skipti mér ekkert af þessu því mér kom þetta ekki við. Konan hafði átt stefnumót hérna sem mér fannst mjög furðulegt eins og ég hef sagt áður og ég var mjög hissa á viðkomandi persónu, ég hafði á tilfinningu að hún ætlaðist til þess að ég segði eitthvað og kæmi þarna inni. Ég gerði það bara ekkert því mér fannst þetta fyrir neðan allar hellur. Þannig að loksins lagði ég orð í belg og sagði: Fyrirgefðu, við viðkomandi aðila, hvernig væri að þú færir með dömuna á kaffihús eða eitthvað svoleiðis og þið rædduð saman þar, þar sem að ég á von á viðskiptavinum. Reyndar þá fóru þau út. Ég held að ég þurfi ekki að taka fram hver viðkomandi kona var og ég ætla ekki að taka fram hver

aðilinn var. Bæði gagnvart... ég sé enga ástæðu til þess. En þetta var að þessi kona hafði hringt í Samtökin og viljað fá upplýsingar um það hvernig þau ynnu gagnvart ja, hvað á ég að segja það var ekki hægt að tala um transvestian í þessu sambandi, konan hafði látið breyta sér. Ég held þú vitir hverja ég á við.

*HG: Transsexual?*

Nei, ekki transsexual, hún hafði látið breyta sér. Já, hún var orðin kona og þar með bar okkur að acceptera hana sem konu hvort við vildum eða vildum ekki.

BetaCam 128

Því miður í mörgum tilfellum að þá snýst þetta líf þeirra við og verður öfugt. Hmm? Maður sem rog láta breyta sér í konu og telur það hann hafi allt tendens til þess, að láta breyta sér í konu, telur en það raunverulega kannski má segja það að það sé meiri hræðsla hjá viðkomandi að fara út í hið venjulega original líf. Að í flestum tilfellum misheppnast það allt of mikið þannig að viðkomandi verður lesbía, fer að sækja í konur ósjálfrátt. Ég mundi segja að það sé afskaplega sorglegt samanborið við það að gangast undir þetta, því ég geri ráð fyrir að svona aðgerðir séu ekki neitt sældarbrauð, ekki eitthvað sem maður hleypur út í. Ég man það og ég hef bæði verið spurð hérlandis og erlendis: Gulli, af hverju geristu ekki kona? Ég man að ég hló einhvern tímann og sagði við son minn: Hvað myndirðu segja elskan mín ef ég allt í einu væri orðin mamma þín í staðinn fyrir pabbi? Hann horfði á mig og sagði svo: Pabbi, mér væri nákvæmlega sama hvað þú gerir, ég elska þig alltaf jafn mikið. Þetta er yndislegur drengur sem ég á og hann sýnir svo sannarlega hvar sem er og hvenær sem er hvað honum þykir vænt um mig. Reyndar besti pabbi í heimi, segir hann.

Gay líf áður fyrr og nú. Jú, ég held það. Ég hef mikið verið að hugsa um þetta. Það hefur breyst, mjög mikið breyst. Það er opnara í dag. Ég held líka að gay people í dag, það er ekki með þessa sýndarmennsku eins og það var áður fyrr. Eins og ég hef sagt áður þá sem sagt accepterar gay fólk mig ekki. Hvers vegna veit ég ekki og þó, ég held það hafi verið vegna

*Svona fólk*

Þess að ég hef aldrei kunnað að vera í einhverjum felum, ég er bara ég og mér hefur tekist í gegnum árin að vera bara ég. Gulli hann er þarna, hann æðir um þarna, hann hneykslar þennan, hann hneykslar hinn. Ókei, I don't care [hlær].

Nú nákvæmlega sama kannski má segja um það að kúnnar mínir hérna. Ég held það sé enginn sem rífur eins mikið kjaft við viðskiptavini sína eins og ég. Ég man þegar einn daginn ætlaði ég að vera ógurlega kurteis og sætur, þá var snúið sér að mér og sagt: Heyrðu fyrirgefðu Gulli minn ertu lasinn? Ertu veikur? Og þegar ég sagði: Ég er bara að reyna að vera elegant við ykkur. Í guðs bænum gleymdu því, fékk ég þá svarið.

En eins og ég var að segja, gay líf áður fyrr. Ég held að áður fyrr, náttúrulega voru allir í felum, þeir komu saman kannski tveir, þrír, fjórir, fimm, sex ókei jafnvel fleiri, mættu á einhvern ákveðinn stað sem ég held að hafi verið í flestum tilfellum barinn á Hótel Borg. Nú, ótæpt var drukkið hjá þessum mönnum. Þegar að þeir voru orðnir vel í skál, hvað skeði þá? Staðinn fyrir að haga sér þannig til að fá virðingu þá gerðust þeir drukknir, urðu dónalegir, ruddalegir, brúkuðu kjaft við fólk sem að kom nærri þeim og þóttust vera bara big men sem að gerði það í staðinn fyrir að vinna almenningsálitið gagnvart sér og fá sympatí þá egnuðu þeir almenningsálitið á móti sér og fengu neikvætt viðhorf. Því miður. Það er ennþá til í dag fólk eða strákar sem að gera þetta. Ég hef ekki orðið svo mikið var við það frá kvenhliðinni, gay, ég hef ekki orðið svo mikið var við það sem betur fer. Nú ég held að mörgu leyti, ég hef átt viðtal við eða rætt mjög mikið við frænku mína eina sem allt í einu eftir fjölda ára hjónaband uppgötvaði það að hún var gay. Þegar hún kom til mín og sagði mér þetta þá bara leit ég á hana og hristi kollinn og sagði: Heyrðu elskan mín, tími til kominn að viðurkenna þig. Ó, hefurðu alltaf vitað þetta? sagði hún. Ó já, sagði þessi hérna, ég hef alltaf vitað þetta að ég beið bara.

Ég heyrði talað um þennan stað. Ég heyrði mjög mikið talað um þennan stað og jú og heyrði þennan karakter Elías Mar sem er hvað, skáld held ég eða rithöfundur eða eitthvað svoliðis. Ég mætti þessum manni einu sinni hér niðri í Austurstræti og hann stoppaði mig til að taka í hendina á mér og kynnti sig og annað þvílíkt en það er það eina, einu kynnin sem ég hef haft

af þessum herraþingi. Nú það eru nokkrir sem að talað er um enn þann dag í dag. Einhverjar goðsagnir samanber Trixie. Ég þekkti Trixie og ein góð saga í sambandi við það, ég var að fara til New York einhvern tímann og hver var í vélinni? Jú, Trixie. Trixie de la eitthvað, því miður ég bara man það ekki, en svo þegar við erum komnir til New York þá segir Madame Trixie við mig: Hvert eru að fara? Svo þessi segir: Ég er að fara 52ra áttundu og þá segir hann: Ókei, það passar fyrir mig, má ég vera með í bílnum? Jú jú, nú við náum í bíl þarna og leggjum af stað. Heyrðu, hvert ertu að fara? segi ég annars og þegar að Trixie segir mér það loksins þá: Hey. Hvað ertu að gera þarna? Jú, ég þarf að fara í heimsókn þar. Það var ja svokallað baðhús, voðalega fínt nafn sem að var þarna uppi á áttugasta avenue. Jæja, Trixie fer úr þar og ég á mínar slóðir. Síðar frétti ég það að Trixie hefði dvalið þarna allan þennan tíma. Bara á þessu baðhúsi. Og löngu seinna seinna meir þegar ég vissi það að Trixie hafði því miður fengið, sem ég kalla pestina, AIDS, þá sagði ég: Við hverju er að búast?

Því miður þá þekki ég þónokkuð marga aðila sem að lentu í þessu. Ekki bara vegna þess að þeir væru gay heldur líka straight og einn yndislegur yndislegur karakter sem að var mjög mikill vinur minn og kom mjög mikið heim og einn af þessum fáu karakterum sem þú getur sagt, þú getur setið með án þess að segja nokkuð, en hann kom mjög oft heim vegna þess að hann vann í nágrenni við mig áður en hann fór í vinnuna. Henti sér upp í sófa, lét fara vel um sig, tók blöð eða eitthvað svoléiðis, kannski sagði ekki eitt einasta orð, bara sat. En það var þægilegt að hafa hann þarna. Og það eru svo fáir í dag sem að eru þannig afslappaðir að það sé þægilegt að hafa þá í kringum sig. Í dag er mikið meira af fólki sem er að éta þig upp, þú þarft að byggja þig upp til þess að verða ekki fyrir því að þú sért étinn alveg.

Einhvern tímann var reyndar sagt hérna í blaðaviðtali við mig, súper-sálfræðingur. Hvað með súper-sálfræðinginn í dag? Ókei jú jú, hann hlustar og reynir að gera sitt en ég hef nú stundum sagt við kunnana mína: Heyrðu bíddu nú við, það er ekki bara klippingin. Veistu hvað sálfræðingar taka á tímann? 6000 kall í dag. Hmm ertu tilbúin að borga?

Já eins og ég hef víst komið orðum við áður, ég var búinn að stunda dansnám í níu og hálf ár byrjaði hjá Rigmor Hansson og ég man eftir því þegar ég mætti hjá Rigmor Hansson til að

skrá mig inn þá horfði hún á mig og sagði: Heyðu, ég þekki þig, sagði hún, hvar hefur þú séð þig áður? Ég hef ekkert séð þig áður, sagði ég. Jú jú jú þú hefur séð mig áður. Hvað með það, skrái mig inn. Þegar ég mæti í fyrsta tímann þá kemur hún beint til mín, það voru þónokkuð margir og segir: Það var úti í Kaupmannahöfn, sagði hún. Seinna meir komst ég að því hvað konan hafði átt við. Flemming Flint. Mjög frægur dansari. Ef þú leist á þennan Flemming Flint og mig, þá nokkurn veginn sástu sömu persónuna. Við vorum svo ótrúlega líkir. Eina sem skar það af, ég er með ljóst hár, hann var dökkhærður. Hún hafði þekkt hann. Jæja en hvað með það, ég var hjá henni þarna fyrst og nokkur ár og síðan í Þjóðleikhúsinu og síðan endaði með Erik Bisted sem vildi absolut fá mig til Kaupmannahafnar eins og Helga.

Nú síðan þegar ég er fimmtán ára þá langaði mig mest til Bisted að fara hédan að heiman, en vill fá mig til Kaupmannahafnar sem og ég fer. Og síðan er ég þarna í hvað þrjú, fjögur ár þá einhvern tímann á dansæfingu þá skeður það að það er kassi þarna inni á senunni sem enginn hafði gert sér grein fyrir hvernig stóð á var allt í einu þarna. Ég er á slá að æfa mig en missi eitthvað á slána og dett niður og lendi með hrygginn á þessum kassa sem enginn hafði skilið í. En sem gerir það að verkum að það losnar nýra í mér og það gerir það að verkum að ég má ekki koma nálægt dansi í eitt til eitt og hálft ár. Í ballett þá er það dauðadómur og svoleiðis að ég neita því ekki að þetta var voðalega sárt. En svo frænka mín sem var þarna úti í Kaupmannahöfn sem hafði afskaplega fallett hár, ég hafði stundum verið að fikta í hárinu á henni og setja það upp og svona, hún eftir þetta segir við mig: Heyrðu, vinkonu mína sem rekur hárgreiðslustofu hérna, hana vantar nema. Af hverju ekki að fara til hennar og læra og læra þetta. Það skiptir engu máli þú átt þetta þá, sagði hún. Nú ef þú ferð út í dans aftur þá skiptir þetta ekki nokkru einasta máli, þú hefur þetta í background. Hvað með það, ég mæti þarna og fer síðan út í þetta og frá Danmörku fer ég til Frakklands og frá Frakklandi til Englands nú og síðan eins og landafjandi er hægt að segja. New York, L.A., meira að segja til Afríku og mér reyndar líkaði ekki afskaplega vel þar. En sem sagt og síðan hér heim. Og jú þegar ég hugsa til baka og sé raunverulega mjög mikið eftir að hafa ekki farið út í aðra tegund af dansi. Til dæmis flamingo, spænska dansa, Suður-Ameríska dansa, I adore them og hefði gjarnan farið út í þá. En ókei ég er búinn að starfa við þetta í hvað, má segja 150 ár, af og frá en stofan er hérna frá '84. Ég á yndislegan kúnnahóp sem lætur sig hafa það þó ég rífi

kjaft við þá og eins og ég hef sagt áður sögðu bara við mig: Ertu veikur, ef ég rif ekki kjaft. Margir mjög sérstæðir karakterar hér í bænum. Eitt sinn var þessi stofa töluð, að hún væri snobb. Hún ætti að heita Snobb en ekki Nikk.

Jú ég man eftir þessu. Ég man eftir því að það kom eitthvert viðtal við Hörð Torfason í, ég held að tímaritið hafi heitið Samúel. Ég er ekki alveg sure á því en ég held það. Sprenging. Ég veit ekki, sko stundum hafði maður á tilfinningunni að eftir að maður hafði lesið það að Hörður Torfason væri eini gay hér á landi. Reyndar man ég eftir öðru í sambandi við viðtal við Eirík Jónsson á Stöð 2 þar sem hann sagði: Ég hef alltaf álitð það að þú værir eini gay gæinn hér á landi. Sem mér finnst náttúrulega fáránlegt. En í sambandi við Hörð Torfason þetta að hann hafi orðið að flú land vegna þess að hann væri gay. Fáránlegt! Ég tel það að það hafi enginn þurft á þeim tíma að fara að hlaupa af landi brott vegna þess að þeir voru gay. Það er bara eitthvað í viðkomandi persónu. Þetta, það er voðalega gott að nota þetta til þess að fara af landi brott að nota þetta orð, ég er gay og ég verð að fara vegna þess að ég verð fyrir svo miklum árásum hér á landi. Auðvitað var fullt af fordómum þá, ég efa það ekki.

Ég man ekki mjög mikið eftir því að ég hafi orðið fyrir fordómum. Auðvitað var einn og einn unglingur sem öskraði kannski á eftir mér: Hommi! Í sumum tilfellum stoppaði ég og sagði: Fyrirgefðu, hvað sagðirðu, kommi? Nei elskan ég er ekki kommi. Nei ég sagði hommi, sagði þá einn. Nei nei nei nei ég er lesbía, sagði ég. Ég hef notað þetta orð geysimikið í sambandi við það ef þetta hefur verið sagt mikið, en ef við förum út í þetta mál í sambandi við það að, látið ykkur ekki detta í hug að nokkur einasti gay gæi hafi reynt við mig. Það er ekki til í því. Hverjir reyndu við mig? Svokallað straight gæjar. Eflaust hef ég verið mátulega feminín, mátulega kitlandi fyrir þá, ef ég get sagt svo, það voru þeir sem reyndu við mig.

Ég man að það snéri sér að mér kona á Hótel Borg og sagði: Ég ætla bara að láta þig vita það að þú lætur manninn minn í friði. Og þar sem ég hef alla tíð verið uppreisnargjarn, svo ég sagði ósköp rólega: Ég ætla bara að láta þig vita það vinkona að þegar ég fer heim í kvöld þá fer maðurinn þinn með mér. Hvað skeði? Jú, hann fór heim með mér. En ekki fyrir utan það að það væri í sambandi við sexið eða annað þvíumlíkt. Hann fékk ekkert sex hjá mér, það

stóð ekki til. En heim fór hann með mér og lagðist á sófa inni í stofu hjá mér og svaf þar. Um morguninn hringdi hann í eiginkonu sína til að láta hana vita hvar hann væri. Ég meira að segja talaði við hana. Og ég sagði Jæja, hvað sagði ég við þig vinkona? Já, og hvað? Hvað gerðuð þið? sagði hún. Við gerðum ekki neitt, sagði ég, hann bara svaf í sófanum hérna.

Ja, ég held að flestir hér á landi viti nú, í sambandi við álit mitt á Gay Pride. Reyndar var ég í þeirri aðstöðu á einum tíma þegar Gay Pride var að þá hringdi í mig Eiríkur Jónsson þessi frægi maður til þess að spurja: Gulli, tekur þú þátt í Gay Pride? Nei, svaraði þessi. Hvað ætlaðu að gera? Ég svaraði það væri mitt einkamál hvað ég ætlaði að gera. Nú, ástæðan var sú, ég var með [óskýrt]. En það kom nú málinu ekkert við, en þegar þetta Gay Pride var svo sett hérna þá var Páll Óskar, hann æpti upp yfir liðið þarna: Hér eru víst allir mættir. Nema Gulli! yfir allan lýðinn. Sonur minn var þarna staddur þarna og hann sagði mér: Pabbi, ég gekk í burtu. Hann vissi hvar ég var. Nú reyndar hefur verið tekið afskaplega í hann fyrir þetta en það er nefnilega tilfellið að ég og Páll Óskar erum tengdir fjölskyldulega.

Páll Óskar er að mörgu leyti mjög sérstæður en Páll Óskar telur einhvern veginn því miður að það sé honum að þakka að gay líf sé orðið mjög áberandi hérna og fólk accepteri það. Ég man eftir því að ég var boðinn á frumsýningu á ballett í Tjarnarbíó. Á þessum ballett var stödd þar á meðal og boðin forseti Íslands þáverandi, Vigdís Finnbogadóttir. Við erum mjög góðir vinir ég og Vigdís þar sem að ég sá yfirleitt um kollinn á henni. Og þar sem við sitjum þá er hún eins og á öðru sæti frá mér til vinstri ásamt einhverju fylgdarliði. Síðan byrjar, um það bil sem sýningin er að byrja þá koma þrjár dragdrottningar uppdrassaðar inn og hlamma sér í sætið rétt fyrir framan mig. Nú ókei, það var allt í lagi í sjálfu sér ef að þessar maddömur hefðu ekki endilega þurft að láta virkilega bera á sér. Í, talsmátinn hjá þeim sem var mjög hávær á meðan sýning stóð yfir var fyrir neðan allar hellur eins og samanborið við það. Coco er ein kölluð af þessum drottningum og ég heyri allt í einu að Coco segir: Gvuuuuð, það er bara nokkuð stórt undir þessum. Ja, hvað, hefurðu ekki prufað það? var svarið og svona var talið eftir þessu. Nema í hléinu þá gekk forseti Íslands ásamt fylgdarliði út og lét ekki sjá sig meira þarna sem ég skil mjög vel. Þegar að sýningu lauk og fólk var að streyma út þá beið ég. Og náttúrulega af kvikyndishætti og þegar drottningarnar stóðu upp að þá sagði ég: Halló

ladies, mér finnst andskoti hart að maður skuli að nota þennan tendens og þetta orðbragð til þess að vekja athygli á sér. Ef þið haldið þið hafið unnið eitthvað með þessu þá er það því miður neikvætt. Svo gekk ég í burtu. En ég fékk ekkert svar.

Því miður er allt of mikið um það og eins og ég hef sagt áður þá hefur jú orðið breyting sem betur fer en ég þakka yfirleitt það að þessi breyting varð, ég þakka því þegar lesbiurnar náðu yfirtökum í Samtökunum því þá loksins var farið að gera eitthvað af viti og kannski má segja það í sjálfu sér þannig að ég er ekki í sjálfu sér feministi í mér en ég held að mörgu leyti að konur hafi mikið meiri sens bæði fyrir þessu sem öðru.

Ég man að það var Margrét Pála sem var þarna aðalfrömuðurinn í þessu en því miður þá man ég ekki um hinar vegna þess að þetta er hlutur sem ég hef svona horft á. Hlustað og horft á án þess, ég er ekki þátttakandi þarna frekar en í öðru sem samkemur gay lífi hér á landi.

Að mörgu leyti fannst mér það mjög sorglegt og ég hef misst þónokkuð mikið af góðum vinum sem voru vinir mínir, úr alnæmi og sá fyrsti sem að fór hérna úr alnæmi það var afskaplega góður vinur minn og sambýlismaður hans sem var þá, sem sem betur fer slapp. Hann er nú reyndar látinn núna. Og sem ég hafði minnst á hér áður fyrr, mjög góður vinur minn sem kom heim mjög mikið og sat og ég gat, þurfti ekkert að skipta mér af honum, hann bara sat þarna, þægilegt. Því miður þá fór hann úr alnæmi líka. En ég segi líka að sumu leyti, þeir gátu sjálfum sér um kennt. Eins og Trixie sem mér skilst að sé nú að sumu leyti orðin hálfgerð goðsögn hérna, að fara inn á einhverja ja baðstudio eða hvað þeir kalla það og vera þar yfir heila helgi í einhverju darkroom. You don't know. Þú hefur ekki hugmynd um hver er hvað þarna inni og ókei. Því miður þá verða þeir að borga fyrir það. Það hlýtur að koma einhvern tímann að skuldadögunum. Að öðru leyti veit ég aftur um þar sem fjórir aðilar sem ég þekki hafa allir tekið líf sitt vegna þess að þeir uppgötvuðu að þeir voru gay en gátu ekki staðið undir því. Og sorglega við það var það að í að minnsta kosti tveimur tilfellum að þá settu þeir þetta ósjálfrátt yfir á mig. Ég veit ekki hvort þú skilur hvað ég á við. Maður sem hringir í þig og segir: Ég verð að fá að tala við þig. Núna. Og þú getur ekki einhverra orsaka vegna talað við viðkomandi og segir, eins og í einu tilfallinu: Ókei, komdu klukkan tíu, þá get

ég talað við þig. Það er akkúrat stundin sem viðkomandi velur til að svipta sig lífi. Í öðru tilfelli hringir einn í mig um miðja nótt: Ég verð að fá að tala við þig. Og ég segi: Hey, það er mið nótt, ég vil gjarnan fá að sofa. Ókei komdu klukkan átta, ég verð vaknaður þá. Komdu klukkan átta. Akkúrat sama stundin og viðkomandi velur. Það var eins og ég væri að velja dauðdaga þessara manna. Þetta var hryllilega óþægilegt og lengi vel á eftir þá sat þetta í mér. Ég þurfti mikið til þess að vinna mig út úr því. Af hverju? Hvers vegna?

Nú í einu tilfellinu var um að ræða ungan mann sem hafði allt til alls. Stórt fínt fyrirtæki, yndislega konu, tvö lítil börn. Samt ekki að viðurkenna sig. Heldur að taka líf sitt.

Ég veit ekki hvort það er meira en að segja það að vera eins og ég, en því miður eins og ég segi þetta voru allt afskaplega ungir, myndarlegir menn. Höfðu sína framtíð fyrir sér en þetta problem að geta ekki viðurkennt, hlaupa út í eitthvað sem þeir gátu ekki staðið við eins og hjónabönd. Ekki þar fyrir utan það að fjölda manns í dag sem að hafa verið að skilja og við konurnar sínar og börn og annað þvíumlíkt og taka sambúð upp með mönnum. Þetta þykir ekkert óeðlilegt held ég núna en þetta var mjög sorglegt á þessum tíma að þetta skyldi geta átt sér stað. Að menn sem þetta væru að berjast við eitthvað sem mér fannst ekki neitt því eins og ég segi, ég hef aldrei fundið fyrir því, ég hef aldrei verið inni í skápum, ég hef aldrei verið í skúffum, bara ég sigldi áfram mitt. Ég man eftir því einhvern tímann á leiðinni niður Bankastrætið þá mætti ég mjög þekktri persónu hér í bænum ásamt öðrum manni. Ég man það seinna meir að viðkomandi sagði við mig: Ég hef aldrei á ævi minni fengið eins mikið háðslegt augnaráð og frá nokkurri manneskju eins og þér. Hvað meinarðu? sagði ég. Þú leist á mig og þennan karakter sem ég var með og þú sendir mér svo kvikyndislegt augnaráð. Ó, já ég veit að fólk kvartar stundum yfir því sko þú veist að ég lít á það einhvern veginn öðruvísi en ég bara geri mér ekkert grein fyrir þessu, sagði ég.

Þegar þú ferð að tala um það að börn homma og lesbía. Ókei mér finnst sjálfsagt. Af hverju skyldi þetta vera verri foreldrar en aðrir? Ég er sjálfur gay. Ég hef alið upp barn og allir hafa sagt mér: Mikið æðislega er hann sonur þinn yndislegur.

Ég veit það ekki, ég sagði nú einhvern tímann við þig að ég væri búinn að vera mjög víða eins og þú veist. Ég er flökkukind og einhvern tímann fékk ég þá tilfinningu að ég þyrfti að kynna mér þetta betur, þetta gay líf. Mér finnst ég ekki hafa tekist það persónulega [*hlær*] þannig séð, að þannig að ég gerði, ég held ég hafi byrjað á þessu, fékk til dæmis til mín í Kaupmannahöfn að ég sótti ýmsa gay klúbba sem ég hef sagt frá og kom mér einhvers staðar fyrir þar sem ég var með yfirsýn yfir og var að fylgjast með. En hvað það var sem ég var að leita eftir það vissi ég raunverulega ekki. Jú og þó, ég vildi fá samanburð við það hvernig aktaði þetta fólk sig þar og hvernig actaði það sig á skemmtistöðum á Reykjavík og ég veit ekki hvort það var mjög mikið different. Að sumu leyti, að sumu leyti ekki. Nú, ég var í París. Ég fékk nú einn af mínum góðu fylgdarnautum þar eða lífvörðum til að fara með á svona staði og þá á ég við gleðitækni. Og við spekúleruðum heilmikið í þessu og ég lærði heilmikið af því að ræða við hana líka í sambandi við þetta líf og meira að segja, við tókum okkur til og fórum eitt kvöldið niður að einni Signubrunni, undir Signubru. Þar var yndislegt utanmálsfólk. Við sátum þar heila nótt. Gaman að tala við það. Það þambaði rauðvín sem var því miður afskaplega óætt svoleiðis að ég komst hjá því að drekka það en þetta var mjög interessant. Ég hef í gegnum árin þegar ég er að ferðast, búinn að ferðast mjög mikið, búinn að ferðast til Bandaríkjanna og var og bjó þar, Frakklands, Danmerkur, Suður-Ameríku og síðasta ár Asíu og hef reynt að bera saman samanborið við það að gay lið, hvað er gay lið? Í Asíu bæði ég fór til Indónesíu, Kambódíu, Tælands. Samanborið við það að ég gerði í því að, reyndar held ég að ég hafi sagt það við þig áður, ég lærði mjög fljótlega að segja ekki halló þegar var sagt halló við mig úti á götu en sem sagt tók séns einu sinni og fékk viðkomandi aðila til að ræða við mig. Og það kom í ljós að gay? Nei nei nei hann var ekki gay. Gay er ladiesboy. Og hann var bara að vinna sína vinnu sem þótti bara alveg sjálfsagt og þótti ekkert athugavert við þetta. Sama var um dömu þar sem ég ræddi við. Hún var bara að vinna sína vinnu. Hún var ekkert gleðitæknir. Suður-Ameríku, jú ég komst að þeirri sorglegu niðurstöðu... [*vantar klippu*]

BetaCam 129

Þetta er náttúrulega mjög stór spurning. En ég held það sé fyrst og fremst númer eitt, tvö og þrjú myndi ég segja að gay fólk á að vera samkvæmt sjálfu sér. Það á að vera heiðarlegt gagnvart sjálfu sér. Þá held ég að það fái virðingu frá öðrum og fólk kunni að acceptera það. Eftir hverju þeir eigi að sækjast, ég verð nú að segja beint í sjálfu sér þannig, hjónabönd meðal gay, hvernig hafa þau enst? Því miður að mínum dómi mjög léleg hmmm. Ókei, þeir sem vilja fara í þessa svokölluðu sambúð en að fara að krefjast kirkjulegrar vígslu, það finnst mér vægast sagt out of question, algerlega fyrir neðan allar hellur, því að ég sé ekki að það breyti nokkurn skapaðan hlut hvort þú lýgur fyrir framan altarið eða einhvers staðar annars staðar. Ég man eftir því ég sagði hérna meira að segja við dómkirkjuprest hérna einn dag: Hvernig líður þér að hafa allt þetta fólk fyrir framan þig sem að lýgur fyrir framan altarið? Hann sagði nú reyndar við mig: Gulli, veistu það bráðum fer það að verða þannig að það standa tveir lögfræðingar fyrir framan kirkjuna, annar réttir honum og hinn réttir henni nafnspjaldið sitt.

En annað, það eru ættleiðingar barna, frjógungun og annað þvíumlíkt, ég sé ekkert athugavert við það að lesbíur fari í tækni frjógungun. Mér finnst það sjálfsagt. Ef þær vilja eiga börn og eru tilbúnar til þess að ala upp barn þá er það sjálfsagt. Ef að gay fólk vill ættleiða börn þá finnst mér það sjálfsagt líka svo lengi sem menn eru tilbúnir og hafa færni og hæfileika til að ala upp börn því það er ekki bara að taka barn vegna þess að þig langar til þess, þú verður að gera þér grein fyrir því og hafa hæfileika til þess. En engu að síður þá óska ég gay peoplei bara til hamingju [*hlær*].

